# Fordómar gegn sjúkdómum

Lesefni: doktor.is, hiv-island.is, landlaeknir.is (þjóð gegn þunglyndi), forvarnir.is, persona.is

# Af hverju eru fordómar út í suma sjúkdóma?

- Menn óttast hið óþekkta t.d. sjúkdóma
- Sjúkdómar sem hafa í för með sér útlitsbreytingar mæta oft fordómum
- Erfitt að breyta viðhorfum og fordómum
- Fáfræði
- Sagan
- Skortur á fræðslu

# Sjúkdómar  og sjúklingahópar sem verða fyrir fordómum

- Geðfatlaðir
- Flogaveikir
- HIV-smitaðir – Eyðnisjúklingar
- Alkahólistar
- Ofvirkir einstaklingar
- Tourette sjúklingar
- Heyrnaskertir/heyrnalausir

# Sjúkdómar og sjúklingahópar sem verða fyrir fordómum

- Þroskaheftir
- Down-syndrome
- Fatlaðir
- Aldraðir
- Aldur og kynferði getur skipti máli sérstaklega gagnvart konum og börnum
- Kynsjúkdómar
- Fleiri?

# Hvernig birtast fordómar í heilbrigðiskerfinu?

- Fólk er ekki að fá þá þjónustu sem það á rétt á
- Heilbrigðisstarfsfólk talar niður til t.d. fatlaðra, talar frekar við fylgdarmann en þann fatlaða
- Fordómar brjóta niður einstaklingana sbr. samskiptakenningu Sigríðar Halldórsd.
- Friðhelgi einkalífs er ekki virtur

# Hvernig birtast fordómar í heilbrigðiskerfinu?

- Völdin tekin af fólki t.d. geðveikum, alkahólistum, börnum, öldruðum
- Óskir þeirra eru ekki virtar
- Ef heilbrigðisstarfsmaður lætur í ljós fordóma þá litar það samskiptin og það andar köldu á milli þeirra og þess veika. Sá veiki er þá enn veikari fyrir vikið.
- Grófustu dæmi fordóma er hreint og klárt líkamlegt eða andlegt ofbeldi

# Hvernig komum við í veg fyrir fordóma í heilbrigðiskerfinu?

- Viðurkennum að fordómar eru til staðar og komum í veg fyrir að þeir fái að „grassera”
- Fræðsla til almennings og heilbrigðisstarfsmanna
- Tökum ekki þátt í þeim né látum þá viðgangast
- Stefnumörkun og markmið
- Fyrirmyndir

# Markmið geðræktar (www.ged.is)

- Auka forvarnir og fræðslu um geðsjúkdóma og geðheilbrigði. Enn fremur er talið brýnt að forvörnum sé sinnt á öllum stigum geðheilbrigðisþjónustunnar og gerð um það víðtæk forvarnaráætlun."
  - draga úr fordómum í garð fólks sem verður fyrir geðröskun
  - auka þekkingu innan heilsugæslunnar um geðraskanir
  - auka þekkingu almennings um eðli geðraskana
  - stuðla að því að rannsóknum á árangri forvarnaraðgerða verði sinnt

# Geðfatlaðir og fordómar

- 31% vill ekki hafa geðveika sem nágranna!
- Þunglyndi er engin „ímyndun",  heldur algengur og stundum lífshættulegur sjúkdómur sem oftast er læknanlegur og alltaf er hægt að ráða einhverja bót á.



# Geðræn vandamál og fordómar

Fordómar gagnvart geðrænum vandamálum:

- móta veruleika einst. með geðvandamál
- valda mismunun (t.d. á vinnumarkaði)
- hafa slæm áhrif á sjálfsmynd þeirra
- draga sig úr þátttöku í samfélaginu út af skömm og höfnun
- bitna á lífsgæðum þeirra og dregur úr notkun á heilbrigðisþjónustu

Samkv. rannsókn Sigrúnar og Jóns Bernburg þá eru neikvæðari viðhorf og fordómar meiri í USA en á Íslandi og Þýskalandi.

# HIV og fordómar (www.aids.is)

- Ég man vel hversu erfitt það var fyrir okkur að hittast, því við óttuðumst alltaf að upp um okkur kæmist, að til okkar sæist þar sem við reyndum að skáskjótast í rökkrinu inn á Heilsuverndarstöðina seint á kvöldin.
- Í þessum ferðum hristist hópurinn betur saman og vann oft betur úr erfiðum tilfinningamálum. Óttinn við fordóma annarra, og ekki síður okkar sjálfra, var þó alltaf til staðar og gerði það að verkum að við fórum með þetta eins og mannsmorð, hræddir um að verða fyrir fordæmingu og útskúfun.

# HIV og fordómar (www.aids.is)

- En það er alltaf dálítið skrítið þegar einhver hefur sagt alnæmisbrandara að segja: Já, pabbi minn dó einmitt úr þessum sjúkdómi. Ég forðast reyndar að gera þetta því það slær fólk alveg rosalega. Þetta er eins og vel útilátið kjaftshögg. En fordómarnir eru enn og það er enn verið að benda og hvísla: Þessi er með alnæmi.

# HIV og fordómar (www.aids.is)

- Hvernig HIV veiran smitast ekki!
  - HIV veiran á ekki auðvelt með að lifa fyrir utan líkamann. Hún smitast EKKI við daglega umgengni á heimili, í skóla, vinnu, með handabandi, snertingu eða við faðmlög. Veiran smitast EKKI með vatni eða matvælum, með því að drekka úr sama glasi eða borða af sama diski, með því að hósta eða hnerra og EKKI með því að fara í sund eða nota klósettið. Hún smitast EKKI með moskítóflugum eða öðrum skordýrum. **Þetta þýðir einfaldlega að það er EKKI hægt að smitast við venjuleg, dagleg samskipti.**

- EINANGRUN ER GAGNSLAUS

# HIV og fordómar (www.aids.is)

- Það eru brot á mannréttindum að mismuna fólki sem er smitað eða sjúkt af alnæmi, eða þeim sem eiga á hættu á að smitast.
- FRÆÐSLA OG UPPLÝSINGAR ERU LÍFSNAUÐSYNLEG



# ERT ÞÚ GÓÐUR MANNÞEKKJARI !

**Hefur þú einhvern tímann sagt eða
hugsað með sjálfum/sjálfri þér:**

* Ég er svo góður mannþekkjari, ég sé strax hvort fólk er...
* Konur í svona pilsum eru örugglega...
* Fólk sem ekki er í vinnu er nú bara...
* Ég held að flestir útlendingar séu...
* Mér finnst samkynhneigðir...
* Unglingar nú til dags eru...
* Gamalt fólk á ekki að...

Þessar setningar fela allar í sér alhæfingar út frá
staðalmyndum, það er enginn góður mannþekkjari
fyrr en hann hefur kynnst einstaklingnum.
Enginn einstaklingur er aðeins fulltrúi ákveðins hóps.

**Þú losar þig við óuppblásna fordómablöðruna
í þar til gert ílát á næstu Shellstöð
og færð glaðning fyrir vikið.**

**Sjálfboðaliðar safna síðan fordómablöðrunum saman.**

FORDÓMUM

Sleppum

FORDÓMUM

VITUNDARVAKNING FÓLKSINS Í LANDINU UM FORDÓMA